

veita tjeðri sýslunefnd 1500 kr. lán úr viðlagasjóði til að byggja alþýðuskólahús á Hljé- 81  
skógum í Grýtubakkahreppi þannig að lán þetta endurborgist og ávaxtist af sýslusjóði 29. ágúst.  
Suður-Þingeyjarsýslu á 28 árum með 6% árlega af hinni upprunalegu upphæð þess.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um línun 82**  
í eptirgjaldi eptir nokkrar þjóðjarðir. — Samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í 2. sept.  
þóknanlegu brjefi 21. maí p. á. og meðmælum umboðsmannsins í Arnarstapa og Skóga-  
strandarumboði, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til:

- 1, að leiguliðanum á Þjóðjörðunni Hrutsholti í Eyjahreppi, Þórði Sveinbjörnssyni verði  
gefnar eptir 2 ára leigur eptir 3 kúgildi, sem hann er að reyna að koma upp eptir  
fellirinn 1882, og enn fremur sakir skemmda þeirra, er ábýlisjörð hans varð fyrir  
á árunum 1881—83 hálf landsskuld jarðarinnar í 2 ár, þannig að hvortveggja eptir-  
gjöfin verði reiknuð fyrir fardagaárin 1884—85 og 1885—86.
- 2, að leiguliðanum á Gerðubergi í sama hreppi Lárusi Gíslasyni verði um 3 ára tíma  
í fyrsta skipti fyrir fardagaárið 1884—85 veitt eptirgjöf á hálfri landsskuld tjeðrar  
jarðar, ef hann endurbætir tún og engjar jarðarinnar, svo sem nauðsyn er á, fyrir  
skemmdum þeim, er þau hafa orðið fyrir á undanfarandi árum.

Aptur á móti finn jeg eigi næga ástæðu til að taka til greina þau önnur bón-  
arbrjef, um eptirgjöf eða þóknun, frá þjóðjarðalandsetum í Arnarstapa og Skógarstrand-  
arumboði, er fylgdu ofanefndu brjefi yðar.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um línun 83**  
í landskuld af þjóðjörð. — Í tilefni af bónarbrjefi því, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, 4. sept.  
herra amtmaður, 19. febr. p. á. og tillögum yðar í brjefi þessu, vil jeg veita samþykki  
mitt til þess, að ábúandanum á Þjóðjörðinni Rifkelsstöðum Hallgrími hreppstjóra Hall-  
gímssyni verði sakir skemmda, er tjeð ábýlisjörð hans hefur orðið fyrir af vatnságangi,  
veitt um þriggja ára tíma, í fyrsta skipti fardagaárið 1884—85, 25 álna eptirgjöf á ári  
í landsskuld jarðarinnar.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari  
birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sam- 84**  
eining tveggja þjóðjarða. — Með þóknalegu brjefi, 28. jan. p. á. hafið þjer, herra 10. sept.  
amtmaður, sent hingað erindi umboðsmannsins yfir Möðruvallaklaustursumboði, þarsem  
hann stingur uppá því, að jarðirnar Efri- og Neðri-Sandvík í Grimsey verði lagðar sam-  
an til fulls og alls og gjörðar að einni jörð, og hafið þjer mælt með þessari tillögu um-  
boðsmannsins.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að sakir grundvallarreglu þeirrar,  
sem virðist liggja í 1. gr. laga 12. jan. f. á. um bygging, ábúd og úttekt jarða, treystist  
jeg eigi til að leyfa sameiningu þá, sem farið er fram á, en af þessu leiðir, að ábúandi  
Neðri-Sandvíkur, sem virðist hafa fengið byggingu fyrir báðum jörðunum, verður að við-

84 halda og, þegar hann fer frá, að skila af sjer öllum húsum beggja jarðanna í lögfullu 10. sept. standi.

85 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.** — Eptir að hafa meðtekið með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 21. apríl þ. á. umsögn hreppsnefndarinnar í Ytri-Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu um áfrýjunarskjal hveppsnefndarinnar í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu, sem áfrýjar til landshöfðingja úrskurði yðar, 14. marz f. á., útaf ágreiningi milli tjeðra hreppa um endurgjald á sveitarstyrk veittum Júlínusi nokkrum Jónssyni eða hyski hans, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það er hjer segir:

Einsog þjer hafið tekið fram í ofanefndum úrskurði yðar, er saga máls þessa sú, að Júlínus nokkur Jónsson, sem sveitlægur er í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu, leitaði í bágingum sínum haustið 1879 til hreppsnefndaroddivitans í Ytri-Torfastaðahreppi, þarsem hann þá dvaldi með konu sinni og 2 börnum, og átti þá oddvitinn þátt í því, að stjúpfaðir Júlínusar, sem jafnframt er afi konu hans, Einar bóndi Teitsson í Kirkjuhvammi í Kirkjuhvammshreppi tók við eldra barni Júlínusar, en oddvitinn lofaði honum að leggja sín beztu meðmæli til, að hann fengi uppeldi barnsins endurgöldið hjá framfærslusveit Júlínusar. Barn þetta hafði Einar síðan hjá sjer til 4. júlí 1880. Á góunni 1880, þegar Júlínus fór vestur á Ísafjörð til sjóróðra, varð hreppsnefndin í Ytri-Torfastaðahrepp síðan að annast konu Júlínusar og hitt barn hans, og kom þeim þá fyrir hjá Gísla bónda Guðmundssyni á Búrfelli, og þar dvöldu þau 16 vikur til fardaga 1880, og var þeim þá fyrir tihlutun hreppsnefndarinnar komið fyrir gegn meðlagi hjá fyrrnefndum Einari í Kirkjuhvammi til 4. júlí, en þá var konan og bæði börnin flutt til oddvitans í hreppnum og voru þar til 16. s. m. er þau urðu flutt á sveit sína.

Kostnaður sá sem Ytri-Torfastaðahreppur samkvæmt þessu hefur krafizt endurgjalds á hjá Fellshreppi er þessvegna: 1. til Einars í Kirkjuhvammi 45 kr. fyrir eldra barnið og 20 kr. fyrir konu Júlínusar og hitt barnið, 2. til Gísla á Búrfelli 24 kr., 3. til oddvitans í hreppnum 12 kr. og 4. meðgjöf í korni 10 kr. 25 a., og með því að Fellshreppur hefur neitað endurgjalds á öðru en þessari síðasttöldu upphæð, 10 kr. 25 a., er ágreiningurinn um skyldu hans til að endurborga 101 kr.

Hvað nú fyrst snertir 45 krónurnar til Einars í Kirkjuhvammi verð jeg að vera á sama máli og þjer um það, að Fellshreppi beri eigi skylda til að endurgjalda þær, því að Einar þessi, sem, einsog áður er sagt, er stjúpfaðir Júlínusar og afi konu hans, var skyldur til samkvæmt 4. gr. fátækrareglugjörðarinnar að annast barn hans áður en til sveitarinnar kæmi, og til þess að fá hann til að taka við barninu þurfti hreppsnefndin í dvalarhreppnum eigi, eptir því sem sjed verður, að ganga í neina ábyrgð fyrir borgun með því, en aðeins lofa að leggja meðmæli sín með því, að hann fengi uppeldi þess borgað af framfærslusveit Júlínusar. Það var því engin nauðsyn til þess að Ytri-Torfastaðahreppur hefði neitt fjárframlag fyrir Fellshrepp að þessu leyti. Öðru máli er að gegna um 20 kr. þær er Einar heimtaði fyrir konu Júlínusar og yngra barnið, því að þó að Einar væri einnig skyldur til að taka þau kauplaust, þá varð dvalarhreppurinn, eptir skýrslu oddvitans þar, sem eigi er næg ástæða til að rengja, að taka að sjer að gefa með þeim til bráðabyrgða, til þess að fá Einar til að taka við þeim, og dvalarhreppurinn var ekki skyldur að reyna áður með lögsókn að fá Einar þvingaðan til að